

**Ed.**

## **200. Frumvarp til laga**

um viðauka við lög nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, og lög nr. 114 30. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

### **1. gr.**

Aftan við 14. gr. l. nr. 98 1940 (áður 11. gr.) komi 6 nýjar greinar svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkv. því):

- a. (15. gr.) Jarðboranir, er ná dýpra en 10 metra, má eigi framkvæma án leyfis ráðherra. Skal leyfi til þeirra eigi veitt, ef hætta kann að þykja á því, að með því sé spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns, er þegar er hafin, eða hagnýtingu jarðhita þar síðar meir, enda sé þessi hagnýting jarðhitans að mun verðmeiri en sú hagnýting, sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun.
- b. (16. gr.) Nú valda jarðboranir öðrum mönnum tjóni, svo sem því, að jarðhiti minnkar í fasteign annars manns, og er þá þeim, er framkvæma lætur jarðborunina, skylt að bæta það tjón. Ef ástæða þykir til að ætla, að tjón það, er jarðborun hefur í för með sér, sé mun meira en hagnaður sá, sem af henni verður, má krefjast þess, að hætt sé við borunina og öllu komið í samt lagt og áður, eftir því sem unnt er.
- c. (17. gr.) Við allar jarðboranir dýpri en 10 m skal halda dagbækur, er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna og hve mikið, svo og hvað annað, sem ráðherra fyrirskipar að færa í dagbók.
- d. (18. gr.) Eigandi jarðhita, sem telur hættu á því, að jarðhiti hans hverfi eða minnki við jarðboranir hjá öðrum, getur krafizt þess, að honum sé tilkynnt,

þegar er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu, svo að honum gefist kostur á að ganga úr skugga um, hvort breyting hafi orðið á jarðhita hans, enda tilkynni hann hinum þegar, ef svo er.

- e. (19. gr.) Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10000 kr.
- f. (20. gr.) Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra lögreglumála.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Nú á tímum mætti öllum vera orðið það ljóst, hversu miklu máli hagnýting jarðhita hér á landi skiptir og mun skipta um hag þjóðarinnar. Er hitaveita Reykjavíkur og hin mikla notkun hverahita í gróðurhúsum næg sönnun þess. Er því næsta áriðandi, að farið sé svo með þessar auðlindir, að þess sé gætt sem bezt, að þær komi að sem mestum notum, ekki aðeins fyrir einstaklinga, er nota þær, heldur og fyrir þjóðarheildina. En eftir því sem lögum um þetta efni er nú varið, brestur nokkuð á, að það sé fyllilega tryggt. Um þetta gilda nú lög nr. 98 14. maí 1940 og lög nr. 114 30. des. 1943, og heimila þau landeiganda hagnýtingu jarðhitans með nokkrum takmörkunum, en ýmis ákvæði vantar þar, sem nauðsynlega þurfa að vera í slíkum lögum, bæði um eftirlit af hálfu hins opinbera, skaðabótarétt, viðurlög o. fl., og því er frv. þetta flutt.

Í 1. gr. a-lið er mælt svo fyrir, að leyfi ráðherra þurfi til jarðborana dýpra en 10 metra. Ástæðan til þess er sú, að hætta getur verið á því, að jarðboranir spilli hagnýtingu jarðhitans. Getur það t. d. orðið þannig, að sá, er bora lætur, svipti nágranna sína heitu vatni, eða jafnvel að ný jarðborun valdi því, að heitt vatn tapist með öllu. En á þessu er lítil hætta fyrr en borað er dýpra en 10 metra, samkv. reynslu þeirri, er fékkst við boranir að Reykjum í Mosfellssveit. Sýnist full ástæða til að tryggja eftirlit ríkisvaldsins með slíkum aðgerðum og binda þær því skilyrði, að leyfi til þeirra sé fengið, áður en verkið er hafið. Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

1. gr. b-liður mælir fyrir um bætur fyrir skaða, er verða kann af jarðborunum, og er ákvæðið í samræmi við almennar reglur um skaðabætur. Það getur verið nauðsynlegt að loka aftur borholu, sem tekið hefur heitt vatn frá nærliggjandi hitasvæði, þegar tjónið þar verður meira en árangurinn af hinni nýju jarðborun, og er því óhjákvæmilegt að setja um það ákvæði í lög, eins og þarna er lagt til.

Jarðboranir eftir heitu vatni geta leitt í ljós margvíslegan fróðleik um gerð og legu jarðlaganna, sem síðar má að gagni koma og getur sparað fyrirhöfn og kostnað við framkvæmdir í framtíðinni. C-liður 1. gr., um að dagbækur skuli halda við meiri háttar jarðboranir, hefur að geyma eðlileg fyrirmæli um þetta.

D-liður 1. gr. er settur til öryggis eigendum og umráðamönnum jarðhita, svo að þeir geti gætt réttar síns í tíma, ef ætla má, að hætta stafi af framkvæmdum í nágrenninu.

Önnur ákvæði frv., sektarákvæði og ákvæði um málsmeðferð þarfnast ekki skýringar. Í núgildandi lögum eru ýmiss konar bönn, sem eru þýðingarlaus, þar sem viðurlagaákvæðin vantar.

Frv. þetta er samið að tilhlutan bæjarráðs Reykjavíkur og flutt samkv. ósk þess.